

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/855

komudagur 23/2 1996

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Lágmúla 6, 150 Reykjavík. Sími: 588 1450
Grænt númer: 800 6450 Fax: 588 2940

Málafétt	123003	Ábrif	Þ
Númer	0300595	Fskj.	
Ö. n.		Grm.	
Tíð.		Trm.	
Atvikaásta:			

Reykjavík, 26. maí 1995.

Hagstofa Íslands,
Skuggasundi 3,
150 Reykjavík.

Ég vísa til bréfs Hagstofu Íslands frá 16. maí s.l. út af álitinu mínu, dags. 20. september 1994, í tilefni af athugun minni, sbr. 5. gr. laga nr. 13/1987 um umboðsmann Alþingis hvort dæmi væru þess að einstaklingar væru ekki skráðir fullu nafni í þjóðskrá. Bréfið gefur ekki að svo stöddu tilefni til athugasemda af minni hálfu.

Virðingarfyllst,



Gaukur Jörundsson.



Hagstofa Íslands

16. maí 1995

Umboðsmaður Alþingis
Lágmúla 6
150 Reykjavík

HAGSTOFA ÍSLANDS	
Míslatt. 0303	Ábrm. SG
Mötu 170595	Fskj. _____
_____	Grm. _____
_____	Trm. _____

Vísað er til bréfs yðar 2. maí 1995 þar sem óskar er upplýsinga um ákvarðanir Hagstofu Íslands í tilefni af álitu yðar frá 20. september 1994 um skráningu fulls nafns einstaklinga í þjóðskrá.

Ráðherra Hagstofunnar hefur í fyrirspurn á Alþingi samkvæmt 49. gr. þingskapa gert grein fyrir þeim ákvörðunum sem Hagstofan hefur tekið í þessu máli.

Í svari ráðherra segir meðal annars:

“Í álitu umboðsmanns Alþingis kemur fram að nokkur aðstöðumunur sé við framkvæmd löggjafar um mannanöfn. Í þessu felst brot á jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar. Við þessu má bregðast með tvennum hætti; með því að lögfesta reglur um styttingu langra nafna í þjóðskrá og öðrum opinberum gögnum eða með því að breyta tölvukerfi þjóðskrár og annarra opinberra skráa svo unnt sé að skrá löng nöfn. Ég tel óheppilegt að lögbinda reglur sem mismuna fólki og mun því beita mér fyrir að þjóðskrá og öðrum opinberum skráum verði breytt. Með þessu yrði jafnræðisregla stjórnsýslulaga í heiðri höfð og farið til fulls eftir ábendingu umboðsmanns Alþingis.

Reyndar hefur um nokkurt skeið verið unnið að undirbúningi endurnýjunar á tölvukerfi þjóðskrár. Þetta verk er mjög umfangsmikið og tímafrekt og óvíst hvenær því lýkur. Endurnýjun þessi á að ná til alls tölvukerfis þjóðskrár, þ.m.t. til rýmis fyrir nöfn. Að fengnu álitu umboðsmanns Alþingis, sem áður var vitnað til, mun Hagstofan stefna að því að stafrými fyrir nöfn verði án takmarkana en það var ekki raunhæfur kostur er núverandi tölvukerfi var tekið upp.”

Í svari ráðherra kemur einnig fram að nauðsynleg breyting á rými fyrir nöfn í þjóðskrá yrði ein sér dýr. Sem hluti heildarendurbóta á tölvukerfi þjóðskrár yrði hins vegar ekki um sérstakan viðbótarstofnkostnað að ræða. Ráðherra telji því nauðsynlegt að hafist verði handa við heildarendurskoðun tölvukerfisins án tafar fremur en að rokið verði til að stækka nafnrýmið eitt sér.

— 2 —

Við þetta má loks bæta að gagnger breyting á tölvukerfi þjóðskrár eins og að er stefnt, hefur áhrif á öll tölvukerfi í landinu sem tengjast eða eru löguð að þjóðskrá. Því er mikilvægt að nauðsynlegar breytingar á tölvukerfi þjóðskrár komi fram í einu lagi og með góðum fyrirvara þanning að stofnunum og fyrirtækjum gefist rúmur tími til að bregðast við þeim og tengja þær viðhaldi og endurnýjun eigin kerfa.

F. h. r.



UMBOÐSMANÐUR ALÞINGIS

Lágmúla 6, 150 Reykjavík. Sími: 588 1450
Grænt númer: 800 6450 Fax: 588 2940

03.03
100595

Til: _____
Af: _____

Reykjavík, 2. maí 1995.

Hr. Davíð Oddsson,
ráðherra Hagstofu Íslands,
Skuggasundi 3,
150 Reykjavík.

Með bréfi, dags. 20. september 1994, sendi ég ráðuneyti yðar álit mitt vegna athugunar minnar á því, sbr. 5. gr. laga nr. 13/1987 um umboðsmann Alþingis, hvort dæmi væru þess að einstaklingar væru ekki skráðir fullu nafni í þjóðskrá. Í niðurstöðu álits míns taldi ég nauðsyn bera til, að tekið yrði til athugunar, hvort fært væri að breyta þessu, og yrði slíkri breytingu ekki komið við, að þá yrðu settar skýrar reglur um það, með hvaða hætti skyldi brugðist við, þegar fullt nafn yrði ekki skráð í þjóðskrá. Ég leyfi mér hér með að óska eftir upplýsingum um, hvort einhverjar ákvarðanir hafi verið teknar í tilefni af álitinu mínu.

Virðingarfyllst,


Gaukur Jörundsson.